

Ed.

770. Nefndarálit

[245. mál]

um frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni þessa frumvarps er að gefa verslunarálagningu í landinu frjálsa, svo og verðlagningu á ýmiss konar þjónustu.

Enginn heldur því fram, að núverandi ástand verðlagsmála sé fullnægjandi. Framkvæmd verðlagseftirlits er ófullkomin og væri full þörf á að efla verðlagseftirlit og gera almenningi betur kleift að fylgjast með verðbreytingum. Þrátt fyrir allt eru gildandi lagafyrirmæli til þess fallin að veita þeim aðilum, sem stunda verslun og viðskipti, nokkurt aðhald. Þetta aðhald þyrfti að efla og auka.

En þingmeirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins hefur ákveðið að stefna í þveröfuga átt. Kaupsýslumenn eiga að fá sjálfðæmi um verslunarálagningu, og afleiðingin getur ekki orðið önnur en sú, að álagningin mun hækka verulega og þar með allt vöruverð.

Aðalatriði málsins er því þetta:

Í landinu geisar mikil verðbólga. Verðlag á vörum breytist frá viku til viku. Kaupsýslumenn sækja fast á um að fá meira í sinn hlut í formi verslunarálagningar.

Við þessar aðstæður segir ríkisstjórnin: Það er sjálfsagt, að kaupmenn og viðskiptaaðilar ráði því sjálfir, hvaða verð þeir setja á vöru, sem þeir selja. Þeir verða að hafa frelsi til að ákveða sinn tekjuhlut sjálfir.

Hins vegar segir ríkisstjórnin: Við verðum að ákveða laun vinnandi fólks. Um þau mál mega ekki gilda frjálsir samningar, hvað þá að vinnandi fólk megi ákveða sjálft og einhliða launatekjur sínar.

Ríkisstjórnin neitar einnig, að launafólk megi með samningum tryggja sig gegn sívaxandi dýrtíð.

Á hinn bóginn segir ríkisstjórnin: Vextir verða að hækka í hlutfalli við verðbólgu, og tekjur ríkissjóðs verða að hækka í hlutfalli við dýrtíð.

Bændur verða líka að þola, að laun þeirra séu ákveðin af opinberum aðilum, og sjómenn verða að hlíta úrskurði Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta sýnir svo skýrt sem verða má stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Í þeim málum eru þessir flokkar hjartanlega sammála: Launafólk, bændur og sjómenn verða að vera undir eftirliti.

Þeir fá ekki einu sinni frjálsan samningsrétt.

Kaupsýslumenn og milliliðir verða hins vegar að hafa rétt til að ákveða verslunarálagningu sjálfir og þar með launakjör sín og gróða.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega andvígir þessu frumvarpi og munum greiða atkvæði gegn því.

Okkar stefna er, að við núverandi aðstæður þurfi að efla verðlagseftirlit og framfylgja stranglega þeim heimildum, sem eru í gildandi lögum til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verðlag á vörum og þjónustu.

Alþingi, 28. apríl 1978.

Ragnar Arnalds.